

Föstudaginn 12. október 1945.

Nr. 124/1944. **Sigurður Gizurarson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 13. október 1944 hefur með stefnu 16. s. m. skotið máli þessu til hæstaréttar, krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Svo krefst hann og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það er upp komið í máli þessu, að áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur í júlímánuði 1942 og réðst þá fastur starfsmaður hjá h/f Hamri og var í þeirri atvinnu, þegar útsvar það, sem í máli þessu greinir, var á hann lagt. Hafði hann húsnaði í Reykjavík, er h/f Hamar sá honum fyrir. Hann átti því raunverulega heimilisfang í Reykjavík og var þar útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/1936, þegar útsvarið var lagt á hann. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta-dómsins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Gizurarson, greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 25. apríl 1944.

Gerðarþola, Sigurði Gizurarsyni, Norðurstíg 5 hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1943, kr. 400.00, nú að eftirstöðvum kr. 260.00. Þar sem hann hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur bæjargjaldkeri f. h. bæjarsjóðs krafist þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar sem hann telur, að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil og útsvarið hafi því verið ranglega á hann lagt hér.

Kveðst hann hafa komið hingað til bæjarins sumarið 1942 og verið hér í atvinnu síðan og haft hér herbergi á leigu. Kveðst hann hafa skráð sig hér á manntal þá um haustið með þeirri athugasemd, að hann ætti lögheimili að Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjahreppi, enda kveður hann, að lagt hafi verið á sig útsvar þar fyrir umrætt ár, sem hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur gerðarþoli flutzt hingað til bæjarins sumarið 1942 og dvalið hér síðan í atvinnu og haft hér herbergi á leigu. Rétturinn lítur svo á, að þessi dvöl gerðarþola hér í bænum sé þess eðlis, að hún hafi samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaganna nr. 106 1936 bakað honum útsvarsskyldu hér umrætt tímabil, og að útsvar það, sem hér er um að ræða, sé því réttilega á hann lagt.

Þykir því samkvæmt framansögðu verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.